

10

18. jan.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafkerfi rafveitunnar, skal greiða heima-
taugargjald. Skal það vera sem hér segir:

1. Grunnjald fyrir hverja loftlínuheimtaug kr. 760.00
2. Grunnjald fyrir hverja jarðlínuheimtaug — 1140.00

Auk þessa grunnjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af bruna-
bótamati húsa og mannvirkja. Hálfu þúsundi eða minna í brunabótamati skal sleppt
í útreikningi þessum, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd sam-
ræmt það nýju mati og miðað heimaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið
á ný skal þó heimaugargjaldið miðast við það mat. Húseigandi greiðir grunnjald
heimtaugar um leið og heimaugaruppsetningu er lokið. Hinn hluti heimaugargjalds-
ins fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meira en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meira
en 60 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3 sinnum 70 mm², skal húseigandi greiða
kostnað af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við
síðari heimaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar
hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 20.00.

2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og
verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00 gjald á skrifstofu
rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í fyrsta
kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20 af hundraði, án sérstakrar staðfestingar ráðu-
neytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Dalvíkurhrepps hefur samið og samþykkt,
staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum,
nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum
þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Dal-
víkur, nr. 55 frá 6. apríl 1948.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. janúar 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

11

22. jan.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð um söluskatt frá 13. júlí 1950.

Aftan við 6. gr. C. komi nýr töluliður, sem verður nr. 14, svo hljóðandi:
Flutningar á sjó á innlendum afurðum.

Fjármálaráðuneytið, 22. janúar 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.